5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og í samræmi við reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar nr. 256/2002/EB, 1041/2002/EB og 1252/2002/EB sem vísað er til í II. kafla I. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2002 og 2/2003. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. ágúst 2003.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

28. ágúst 2003 Nr. 648

AUGLÝSING

um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2003-2004.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum hefur verið ákveðið að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2003-2004, verði kr. 181 á hvert kg af dilkakjöti.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. ágúst 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Norðmann.